

Að veita tækifæri í sjálfbærnu samfélagi



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG



Ársskýrsla 2015

Sólheimar ses
Stofnandi: Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir
(1902 – 1974)

Fulltrúaráð 2014:

Arna Einarsdóttir	Óðinn Helgi Jónsson
Árni Johnsen	Ólafur G. Gústafsson
Björg Fenger	Ómar Einarsson
Edda Björgvinsdóttir	Pétur Sveinbjarnarson
Fanney Proppé	Sigríður Jóna Friðriksdóttir
Guðmundur Bjarnason	Sverrir Berg Steinarsson
Magnús Ólafsson	Sr. Valgeir Ástráðsson
Margrét Leifsdóttir	Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Margrét Tómasdóttir	

Formaður fulltrúaráðs Sólheima ses: Pétur Sveinbjarnarson
Endurskoðandi: Margrét Pétursdóttir löggiltur endurskoðandi
Félagskjörnir skoðunarmenn reikninga:
Ólafur G. Gústafsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Arkitekt: Árni Friðriksson

Framkvæmdastjórn Sólheima 2015

Pétur Sveinbjarnarson, formaður
Magnús Ólafsson, varaformaður
Margrét Leifsdóttir
Sigríður Jóna Friðriksdóttir
Ómar Einarsson



Framkvæmdastjóri: Guðmundur Ármann Pétursson
Fjármálastjóri: Einar Páll Bjarnason
Forstöðumaður Sólheimaseturs: Sverrir Berg og Kristmar Ólafsson
Verkefnastjóri: Harpa Dögg Magnúsdóttir og Kristín Pétursdóttir
Forstöðumaður félagsþjónustu: Jóhanna Magnúsdóttir
Þroskaþjálfar Birna Birgisdóttir og Unnur Marta Valgeirsdóttir
Félagsmálafulltrúi: Valgeir Fridolf Backman
Prestur og rafeindavirki: Birgir Thomsen

Ritsjórn ársskýrslu: Jóhanna Magnúsdóttir
og Kristín Pétursdóttir
Ábyrgðarmaður: Guðmundur Ármann Pétursson
Umbrot: Kristín Helgadóttir

Sólheimar ses
Kt. 610269 4519
Sólheimar · 801 Selfoss
solheimar@solheimar.is · www.solheimar.is

MARKMIÐ SÓLHEIMA SES



Markmið Sólheima er að skapa sjálfbært samfélag, byggt fólki sem leggur áherslu á ræktun manns og náttúru.

Lögð er áhersla á eigin matvælaframleiðslu, byggingar í sátt við náttúruna, eigin orkuöflun, lífræna ræktun, vinnslu afurða úr náttúrulegum efnum og endurvinnslu. Atvinnustarfsemi tekur mið af efnahagslegum og félagslegum áhrifum á samfélagið og er í sátt við náttúruna.

Sólheimar starfrækja félagsþjónustu fyrir fólk með fötlun þar sem einstaklingum er veitt þjálfun og leiðsögn með það að markmiði að gera þeim kleift að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu þar sem hverjum og einum vegnar best.

Sólheimar - byggðahverfi

Á Sólheimum er byggð með skýra og jákvæða ímynd sveitaþorps þar sem mannvirðing er í öndvegi.



Náttúran

Á Sólheimum er náttúrunni sýnd virðing og leitast við að vernda náttúrulega ferla og stuðla að umhverfisvernd eins og frekast er unnt.

Byggðin

Á Sólheimum er sjálfbær byggð þar sem tengsl náttúru, mannlífs og byggðar eru sterk.

Atvinnulífið

Á Sólheimum er atvinnustarfsemi byggð á lífrænni ræktun, garðyrkju og matvælaframleiðslu, handverki og iðnaði úr náttúruafurðum auk náttúru- og heilsutengdri ferðaþjónustu.

Meningarlífið

Á Sólheimum er öflugt menningarlíf tengt fjölbreyttum listgreinum ásamt umhverfistengdri fræðslustarfsemi sem styrkir tengsl samfélagsins bæði inn á við og út á við.

Samfélagið

Á Sólheimum er samheldið og fjölbreytt samfélag þar sem ríkir traust og virðing milli manna og íbúum og gestum líður vel. Hver einstaklingur er mikilvægur og hefur hlutverki að gegna í samfélaginu.

Frá stjórnarformanni



Horft til framtíðar

Hinn 5.júlí 2015, fögnuðu Sólheimar 85 ára afmæli. Dagsins var minnst með ýmsum hætti en hæst bar opnun aðstöðu fyrir félagsþjónustu Sólheima í endurbyggðu húsi, gamla mótuneytinu sem hlaut nafnið Ægisbúð. Bakhjarlar Sólheima kostuðu þessa mikilvægu framkvæmd sem gjörbreytir starfsaðstæðum. Á síðasta aðalfundi Sólheima voru samþykktar breytingar á skipulagsskrá Sólheima sem og styrktarsjóðs Sólheima sem stofnaður var 1987. Jafnframt var stofnuð ný sjálfseignarstofnun Sólheimasetur. Þessar þrjár sjálfseignarstofnanir mynda nú umgjörð um það starf sem fram fer í byggðarhverfinu að Sólheimum. Sólheimar ses. annast þjónustu við fólk með fötlun sem búsett er að Sólheimum. Styrktarsjóðurinn sér um rekstur og útleigu húsnæðis, sem og framkvæmdir. Sólheimasetur annast rekstur fyrirtækja að Sólheimum sem eru Garðyrkjustöðin Sunna, verslunin Vala, kaffihúsið Græna kannan, gistiheimilin, mótuneytið, bakaríið, Jurtastofan og umhverfissetrið Sesseljuhús Rekstur vinnustofa og hæfingar (dagþjónusta) fellur sem fyrr undir starf Sólheima. Með þessum hætti er leitast við að skilgreina betur verkefni og starfssvið um leið og mikilvægt er að þessar þrjár sjálfseignarstofnanir starfi þétt saman og þróist í sömu átt. Íbúar með lögheimili að Sólheimum er um eittundrað, þar af eru 43 fatlaðir einstaklingar sem njóta þjónustu félagsþjónustu Sólheima. Þá búa að jafnaði 20 – 30 aðrir tímabundið í byggðahverfinu sem eru sjálfböðaliðar, nemendur og starfsmenn, auk gesta á gistiheimilum, en árlega heimsækja um 35 þúsund manns Sólheima.

Á árinu var unnið að nýrri stefnumótun fyrir byggðahverfið og horft til næstu fimmtán ára eða til ársins 2030 en þá verða liðin 100 ár frá stofnun Sólheima. Um er að ræða framtíðarsýn og leiðarlýsingu, sem endurskoðuð verður reglubundið eftir því sem framkvæmdum miðar áfram. Stefnit er að því að næstu fimmtán árin fjölgi íbúum með lögheimili að Sólheimum um fimmtíu og verði eittundrað og fimmtíu og fólk með fötlun verði einn þriðji

hluti íbúa og fjölgi um sjö frá því sem nú er. Fyrsta skrefið hefur verið stigið með gerð deiliskipulags fyrir byggðahverfið þar sem gert er ráð fyrir þessari stækkun. Sólheimar eru elsti staður í veröldinni sem veitir fólk með fötlun þjónustu í byggðahverfi með skilgreint markmið. Sólheimar eru elsta starfandi umhverfis-samfélag (Eco village) í heimi og á Sólheimum er upphaf lífrænnar ræktunar á Norðurlöndum. Sagan og þessar staðreyndir leggja ríkar alþjóðlegar skuldbindingar á herðar íbúa Sólheima. Staðurinn er og á að vera fyrirmynd þar sem mannrækt er í öndvegi. Lífræn ræktun matvæla, umhverfismál, listir og menning ásamt öflugum alþjóðlegu samstarfi eiga að vera samofin starfi Sólheima. Glæsileg Menningarveisla Sólheima sem efnt er til hvert sumar er skýrt tákni þessa starfs. Höfuð viðfangsefni Sólheima verður sem fyrr öflug þjónusta við fólk með fötlun. Allt daglegt starf og uppbygging að Sólheimum tekur mið af þessari staðreynd. Íbúum Sólheima, samstarfsmönnum í framkvæmdastjórn, framkvæmdastjóra og starfsfólki sem og fulltrúaráði Sólheima flyt ég þakkar mínar fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Þeim fjölmörgu einstaklingum og fyrirtækjum sem studdu starf Sólheima flyt ég þakkar fyrir framlag þeirra, ekki síst öflugum bakhjörllum Sólheima sem veittu okkur rausnarlegan fjárstuðning. Pétur Sveinbjarnarson.





Félagsþjónusta Sólheima

Félagsþjónusta Sólheima veitir 43 einstaklingum stoðþjónustu og stuðning við búsetu, atvinnu og félagsstarf samkvæmt samkomulagi við Árborg, fyrir hönd sveitarfélaga á Suðurlandi. Starfsemin er margþætt og snýr stuðningurinn sem íbúum stendur til boða að öllum þáttum daglegs lífs. Má þar nefna aðstoð við heimilishald, persónuleg þrif, fjármál, aðföng ýmis konar, félagslega samveru og margt fleira. Markmiðið er að auka færni og sjálfstæði íbúanna og veita einstaklingsbundna þjónustu.

Búseta er með þrennum hætti:

Sjálfstæð búseta

Meirihluti íbúa býr í einstaklings- eða paraíbúðum. Einstaklingsíbúðirnar eru 53 m² að stærð með sérinnngangi og paraíbúðirnar eru 60 – 85 m² að stærð. Enn fremur er eitt 120 m² einbýlishús. Íbúarnir standa undir heimilishaldi með eigin tekjum og örorkulífeyri.

Sambýli

Steinahlíð er eina sambýlið á Sólheimum, en þar búa sex íbúar. Heimilisrekstur á sambýlinu er greiddur af íbúum sem taka þátt í daglegum heimilisstörfum eftir því sem geta og hæfileikar leyfa.

Einstaklingsíbúðir með sameiginlegu þjónusturými

Í Bláskógum eru einstaklingsíbúðir með sameiginlegu þjónusturými fyrir tíu heldri íbúa Sólheima. Þar er stuðningur veittur allan sólarhringinn og heimilisrekstur er greiddur af íbúum.

Stoðþjónusta

Íbúar fá lækniþjónustu frá Heilsugæslustöðinni í Laugarási og sækja einnig, eftir atvikum, lækniþjónustu á Selfoss og til Reykjavíkur. Sjúkraþjálfari kemur einnig tvo daga í viku. Nuddari, næringarfræðingur, rakari, fótaaðgerðafræðingur, snyrtifræðingur og hárgreiðslukona veita einnig þjónustu. Lyfjalausnir sjá um að skammta lyf fyrir þá sem þurfa. Fræðslunet Suðurlands býður íbúum upp á nám á Selfossi og á Sólheimum. Samstarf er við sálfræðinga, geðlækna, atferlisfræðing, mannspekilækni, listmeðferðaraðila o.fl.



Meðalaldur og kynjadreifing íbúa:

Meðalaldur: 54,4 ár
Aldursdreifing: 21 árs til 78 ára
Konur: 20
Karlar: 23

Jóhanna Magnúsdóttir var forstöðumaður félagsþjónustu árið 2015, Birna Birgisdóttir starfaði sem þroskaþjálfari frá því í apríl og Unnur Marta Valgeirsdóttir, þroskaþjálfari hóf störf í nóvember. Þjónustustjórar á heimilsviði eru þau Aðalbjörg Jensdóttir og Guðmundur Karl Friðjónsson.

Vinnustofur Sólheima

Kertagerð

Starfsemi kertagerðar Sólheima á árinu 2015 var með hefðbundnum hætti. Að venju voru framleidd hin vinsælu kerti úr bývaxi og hreinu parafíni til notkunar innandyrna. Kertagerðinni berast kertaafgangar víða að af landinu og eru þeir flokkaðir eftir litum og vaxið brætt upp og notað í framleiðslu á útikertum. Auk þess voru kertaafgangar notaðir til að húða skúlptúra, skreytingar og nytjahluti s.s. adventukransa og körfur úr hænsnaneti. Ýmsar aðrar vörur eru framleiddar í kertagerðinni. Til að mynda eru gerð ljósker úr kertavaxi, sem og skermar fyrir teljós úr vaxbornum myndum eða servíettum. Sem lið í sýningu kertagerðarinnar fyrir Menningarveisluna 2015 útbjuggu starfsmenn kertagerðarinnar ævintýragarð úr hænsnaneti og vaxi. Sköpunargleðin ræði ríkjum og voru meðal annars búnir til englar, fíðrildi og hjörtu. Fyrir jólin var haldið námskeið í jólskreytingum fyrir heimilisfólkið á Sólheimum, til mikillar gleði allra sem þátt tóku.

Verkstjóri kertagerðar árið 2015 var Erla Thomsen



Trésmiðja



Í janúar voru gerðar miklar breytingar á trésmiðjunni. Hún fékk aukið rými þar sem allt viðhald var flutt í Tómasarsmiðju. Það var mikið verk að hreinsa og mála veggina, setja nýjan kork á gólfín og smíða ný húsgögn. Öll tækin, bandsög og slípivél, voru flutt í sér herbergi og þess vegna er andrúmsloftið miklu betra í vinnurýmiinu sem er til hagsbóta fyrir heimilisfólkið. Meðan á öllum þessum breytingum stóð vann fólkið eingöngu að kertagerð og síðan var trésmiðjan opnuð aftur í maí.

Verkefni ársins voru að venju bæði fjölbreytt og skemmtileg. Í trésmiðjunni eru smíðuð margs konar leikföng, skúlptúrar og eldhúsvörur fyrir sumarið.

Einnig voru smíðaðar jólavörur fyrir jólamarkaðinn í Kringlunni, jólatrésskraut, jólasveinar, englar, hnífapör, kanínur og bílar svo eitthvað sé nefnt. Jólamarkaðurinn gekk mjög vel að venju. Auk alls þessa vann starfsfólk trésmiðjunnar ásamt tónlistarkennara að stuttmynd, (animation movie), þar sem fólki var óskað gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Kvikmyndin var notuð til að auglýsa jólamarkaðinn.

Verkstjóri trésmiðju er Christelle Bimier sem hefur hafið störf á ný að loknu fæðingarorlofi.

Listasmiðja

Menningarveisla Sólheima er ávallt stór þáttur í vinnuframlagi listasmiðjunnar fyrri part ársins. Unnið var að undibúningi og vinnslu myndverka á striga með olíu- og akrýllitum fyrir list-sýningu. Önnur föst verkefni eru framleiðsla papírskálanum sem njóta mikilla vinsælda og eru reglulega í vinnslu, almenn myndsköpun í hin ýmsu efni, frágangur á póstkortum og ullarþæfing svo fátt eitt sé nefnt.

Þar sem ákveðið var að vera með markað í Kringlunni fyrir jólin, fór mikill tími í það á haustmánuðunum að framleiða epli úr þærðri ull, en þau eru með vinsælustu vörunum á jólamarkaðinum.

Verkstjóri listasmiðju er Ólafur Már Guðmundsson.



Vefstofa

Á vefstofunni var mest unnið að vefnaði, útsaumi, þrjóni, hekli og frágangi á vefnaðarvöru. Markvisst var unnið að því að draga fram og nýta þá listrænu hæfileika sem starfsmenn bjuggu yfir. Árið 2015 störfuðu 10 starfsmenn á vefstofu ásamt verkstjóra. Erlu Björk Sigmundsdóttur starfsmanni vefstofunnar var boðin þátttaka í tveimur sýningum utan Sólheima á árinu. Erla Björk tók þátt í samsýningunni Allt og allskonar í Norræna húsinu á vegum Listar án landamæra. Sýndi hún þar eitt stórt útsaumsverk auk þess að spila á hörpu við opnun sýningarinnar. Safnasafnið á Svalbarðseyri bauð Erlu Björk að vera með einkasýningu á fjölda útsaumsverka eftir sig í tilefni 85 ára afmælis Sólheima. Voru Erla Björk og Karen verkstjóri vefstofu viðstaddar opnun sýningarinnar í Safnasafninu. Safnið fagnaði tuttugu ára starfsafmæli sínu og opnaði af því tilefni margar veglegar sýningar þennan sama dag.

Listahátíðin List án landamæra fékk nokkur útsaumsverk eftir starfsmenn vefstofunnar að gjöf sem voru svo seld á uppboði hátíðarinnar á haustdögum til styrktar Listar án landamæra. Þau Guðrún Lára Aradóttir, Guðlaug Elísabet Jónatansdóttir, Kristján Ellert Arason og Leifur Þór Ragnarsson starfsmenn vefstofu sýndu útsaumsverk eftir sig á Lyst á list sumarsýningu vinnustofa Sólheima í Ingustofu.

Verkstjóri vefstofu var Karen Ósk Sigurðardóttir.



Leirgerð

Næg verkefni voru í leirgerðinni þetta árið eins og áður. Ýmist vinnur listamaðurinn einn að verki sínu eða um samstarf er að ræða þar sem t.d. einn teiknar listaverkið, annar mótar það og sá þriðji glerjar. Unnið var áfram við framleiðslu bolla, diska og súpuskála fyrir Grænu könnuna. Einungis teikningar heimilisfólks prýða leirtauið.

Á sumarsýningunni voru 16 leirverk s.s. hreindýr, kýr, kanína, hundar, rjúpa, örn, selur, ugla, vasar og skálar. Hétu verkin ýmsum skemmtilegum nöfnum t.d. hundurinn „Galsi“, kýrin „Prúð“ hreinninn „Hjörtur Hreinsson“ hár vasi „Hennar hátign“ og ferkantaður pottur „Ferlegur“. Á jólamarkaðnum í Kringlunni voru litlar kúluuglur mjög vinsælar og fengu færri en vildu. Margir heimilismenn nýta sér morgunleikfimi RÚV kl. 9:45 og gönguferð um götur og stíga Sólheima kl. 11:30.

Verkstjóri í leirgerð er Ingibjörg Karlsdóttir.





Atvinnumál á Sólheimum

Á fulltrúaráðsfundi í maí 2015 var samykkt að sameina öll fyrirtæki Sólheima í eitt fyrirtæki Sólheimasetur ses. Brekkukot - Nærandi, Vala verslun – listhús, Græna kannan kaffihús, Garðyrkjustöðin Sunna, Jurtastofa, gistiheimilin og Sesseljuhús voru sameinuð undir hatti Sólheimaseturs. Á haustdögum var Kristmar Ólafsson ráðinn forstöðumaður og tók sameiningin að fullu gildi um áramót 2015-2016.



Brekkukot - Nærandi

Undir hatti Brekkukots – Næranda er starfsemi mótuneytisins, bakarísins og matvinnslunnar. Allar einingarnar leggja mikla áherslu á heilnæmi og fjölbreytni í sinni framleiðslu. Skýrri innkaupastefnu er fylgt til að ná þeim markmiðum að forðast aukefni í matvællum og tryggja að framleiðslan sé eins lífræn og mögulegt er. Mötuneytið framleiðir hádegismat fyrir íbúa Sólheima, ásamt því að útbúa veitingar fyrir gesti Grænu könnunar og Sesseljuhúss. Bakaríð framleiðir fjölda af lífrænt vottuðum brauðum og kökum sem mest er notað og selt innan svæðisins en einnig hafa vörur úr bakaríinu fengist víðar. Bakaríð sér allfarið um framleiðslu fyrir Grænu könnuna og mótuneytið. Starfsemi matvinnslunnar var lítil á árinu 2015 vegna breytinga á rekstri, en markmið hennar er að fullvinnna matvæli úr hráefni sem á uppruna sinn á Sólheimum. Má þar nefna sultur, chutney, salsasósir og fleira.

Vala verslun - listhús og Græna kannan

Gagngerar endurbætur voru gerðar á versluninni Völu fyrri part ársins 2015. Verslunin var á meðan færð í kaffihúsið Græna könnuna. Jafnhliða endurbótunum var vöruúrval tekið til endurskoðunar með það að markmiði að auka framboð og lækka vöruverð. Verslunin er opin allt árið og er rekstur hennar mjög mikilvægur þáttur í samfélaginu á Sólheimum.

Í versluninni eru framleiðsluvörur Sólheima seldar. Þar má nefna listmuni og handverk sem framleitt er á vinnustofunum, en einnig er grænmeti og kryddjurtir, te og þurrkað krydd frá garðyrkjustöðinni Sunnu, vörur frá Jurtastofu, matvinnslu og kaffibrennslu. Að auki er ágætis framboð af almennum nýlenduvörum og ýmiskonar lífrænum vörum.

Kaffihúsið Græna kannan gegnir mikilvægu hlutverki á Sólheimum. Þar hittast íbúar utan vinnutíma, fá sér kaffi og köku og spjalla við gesti og gangandi. Alla fimmtudaga stendur íbúum til boða að kaupa kvöldmat og mætir jafnan fjöldi manns. Megin hluti veitinga sem seldur er í Grænu könnunni er lífrænt vottuð og eru jafnan vörur sem henta fólki með ýmiskonar fæðuofnæmi til sölu. Lögð er áhersla á að sem mest af vörum séu framleiddar á Sólheimum og nágrenni.

Kaffibrennsla Sólheima var sett á stofn snemma árs 2015 og er nú allt kaffi sem notað er á svæðinu frá kaffibrennslunni. Að sjálfsögðu er einungis framleitt kaffi úr lífrænt vottuðum kaffibaunum sem kaffibrennslan flytur inn, brennir og malar. Öll framleiðslan fer fram í aðstöðu kaffibrennslunnar í Grænu könnunni.

Garðyrkjústöðin Sunna

Í garðyrkjústöðinni Sunnu er frumkvöðlastarfi Sesselju Sigmundsdóttur í lífrænni ræktun haldið áfram. Fjöllbreytt úrval grænmetis er framleitt í 3.000 m² glerhúsi, 700 m² plastrúsi og á tveimur hekturum af matjurtagörðum. Framleiðslan er fyrst og fremst til notkunar og sölu á Sólheimum, en mikið af grænmetinu er líka selt í verslunum í Reykjavík og til veitingastaða sem vilja fá fyrsta flokks lífrænt ræktað grænmeti. Helstu framleiðslufurðir Sunnu eru tómatar, agúrkur, paprika, salat og kryddjurtir. Á árinu 2015 voru ræktaðar hátt í 20 mismunandi tegundir af tómötum í mörgum litum og stærðum. Einnig voru gerðar tilraunir með ræktun á kúrbít, eggaldinum og chilli pipar, svo fátt eitt sé nefnt og verður spennandi að fylgjast með fleiri nýngum.

Starfsemi skógræktarstöðvarinnar Ölurs var með hefðbundnu sniði. Mikið er framleitt af margskonar trjám, runnum, fjölærum blómum og sumarblómum og kemur fjöldi fólks víða að á hverju ári til að kaupa plöntur.

Jurtastofa

Farið var í mikla vinnu við að endurhanna umbúðir og merkingar á framleiðsluvörum Jurtastofunnar og hafa þær breytingar mælst vel fyrir. Jurtastofan starfar undir hatti Sunnu og ná Sunna og Ölur að framleiða öll blóm og jurtir sem þarf í framleiðsluna og hægt er að framleiða hér á landi. Starfsemi er í stöðgri þróun og í dag er framleitt baðsalt, krem, sápur, sjampó og fjótandi handsápa. Mest af framleiðslunni er selt á Sólheimum, en sívaxandi hópur hótela, gistiheimila og veitingastaða kaupa sápur frá Jurtastofunni.



Sesseljuhús

Sesseljuhús umhverfissetur er sýningarhús um sjálfbærar byggingar og fræðslusetur um umhverfismál. Þar fer fram alhliða fræðsla um sjálfbærni og umhverfismál auk málþinga, funda og námskeiða hvers konar. Samstarf við skóla hefur alltaf verið stór þáttur í starfsemi hússins hvort sem það er við grunn- mennta- eða háskóla.

Á hverju ári kemur fjöldi erlendra háskólastúdenta til náms í Sesseljuhús um lengri eða skemmri tíma. Tekist hefur gott samstarf við erlenda háskóla sem senda nemendur sína ásamt kennurum til Sólheima og nýta þannig það umhverfi og grunn sem Sólheimar standa fyrir í sjálfbærum lífsstíl.

Aukning var á heimsóknnum náms- og fræðsluhópa og annarra hópa á árinu, en það er afrakstur stefnumótunar og samvinnu við ferðaskipuleggjendur sem hófst á síðasta ári. Hóparnir fá fræðslu um sögu Sólheima og sérstöðu, auk fræðslu um sjálfbæra þróun, orkumál og sjálfbærar byggingar. Íslenskir og erlendir skólahópar á öllum skólastigum, bæði litlir og stórir, heimsóttu Sólheima. Einnig kom fjöldi fólks frá fyrirtækjum, stofnunum og samtökum innanlands sem utan.

Á árinu starfaði Sesseljuhús að ýmsum verkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda aðila á borð við University of Wisconsin Stevens Point, Biotechnical Centre háskólann í Naklo í Sloveníu, natturan.is, IMIDA verkefnið á vegum Nordplus, auk þess að vinna að stóru verkefni með aðilum frá Spáni, Ítalíu og Portúgal, en það var styrkt af Erasmus+.

Erlendir sjálfbóðaliðar hafa mikinn áhuga á að dvelja á Sólheimum og leggja samfélaginu lið. Ásókn þeirra eykst ár frá ári en Sesseljuhús sér um móttöku og skipulag sjálfbóðaliðanna. Þeir starfa yfirleitt í eitt ár í rekstrareiningum Sólheima en flestir þeirra koma á eigin vegum. Á árinu voru á annan tug slíkra ungmenna að störfum við mjög fjölbreytt störf. Sesseljuhús heldur utanum starfsemi sjálfbóðaliðanna, velur úr hópi umsækjanda og veitir þeim stuðning eins og til að mynda við íslenskukennslu.

Í tengslum við Menningarveislu Sólheima voru settar upp tvær sýningar í Sesseljuhúsi; Sýningin Sjálfbærni Sólheima, var opnuð fyrstu helgina í júní en hún sýnir á myndrænan hátt með hvaða hætti Sólheimar er sjálfbært samfélag. Þar gefur einnig að líta það starf sem íbúar Sólheima vinna í hinum ýmsu vinnustofum á Sólheimum. Sýningin Sjálfbæra heimilið var sett upp í samstarfi við natturan.is en þar er hægt að ganga inn á heimili sem er sjálfbært að flestu leyti. Sesseljuhús stóð einnig fyrir 11 mismunandi fræðsluerindum og upptökum sem tengdust náttúrunni, útiveru, sjálfbærni og umhverfi á einhvern hátt.

Mikil aukning hefur verið á nýtingu gistiheimila Sólheima sem Sesseljuhús sér einnig um.

Gestir eru oftast ekki þátttakendur á ýmsum námskeiðum eða öðrum viðburðum sem fara fram í Sesseljuhúsi. Auk þess hófst samstarf við booking.com og expedia.com sem hefur orðið til þess að margfalda komu erlendra ferðamanna til Sólheima. Unnið var að því að kynna gistiheimilin betur fyrir tilgreindum markhópum og var lykilorð þáttur í þeirri kynningu að auka sýnileika starfseminnar á internetinu.

Bakhjarlar Sesseljuhúss árið 2015 voru umhverfis- og auðlindarráðuneytið og Landsvirkjun.



Forstöðumaður Sesseljuhúss er Axel Benediktsson



Sólheimakirkja



Guðsþjónustur voru 19 talsins á hendi staðarprests, auk þess ein ferming, tvær hjónavígslur og fjórar skírnrir. Voru að meðaltali um 60 manns viðstaddir í athöfnunum í kirkjunni. Einnig voru nokkrar athafnrir á vegum annarra presta.

Sr. Egill Hallgrímsson sóknarprestur í Skálholti leysti staðarprest af í orlofi og sá auk þess um nokkrar athafnrir í Sólheimakirkju.

Kirkjuskólinn var starfræktur á vormisseri og var vel sóttur. Þar voru í hávegum söngur, sögur, fönður og gleði. Kaffisopi, ávaxtasafi og kalóríur voru eftir hvern kirkjuskóla í anddyri kirkjunnar og myndaðist þar skemmtilegt og gefandi samfélag.

Nokkrir kórar höfðu æfingahelgar í kirkjunni og voru þá jafnvel haldnar opnar æfingar þar sem íbúar Sólheima voru viðstaddir, öllum til ánægju. Einnig hélt Bergmál kvöldvökur sínar í kirkjunni þær dvalarvikur í Bergheimum sem voru á þeirra hendi.

Kirkjudagur Sólheimakirkju var haldinn 5. júlí, á 85 ára afmæli Sólheima og þess minnst að 10 ár voru frá vígslu kirkjunnar, 3. júlí 2005. Í tilefni af því predikaði sr. Karl Sigurbjörnsson biskup og þjónaði fyrir altari ásamt sr. Birgi Thomsen staðarpresti. Var það vel við hæfi, þar sem sr. Karl vígði kirkjuna á sínum tíma.

Guðmudur Ármann Pétursson framkvæmdstjóri Sólheima las ritningarlestra, en það hefur tíðkast á undanförunum árum að íbúar Sólheima hafa tekið virkan þátt í guðsþjónustunum meðal annars með lestri ritningarlestra.


15. nóvember var sr. Jóhanna Magnúsdóttir vígð í Skálholtskirkju, af vígslubiskupi sr. Kristjáni Val Ingólfssyni, til prestsþjónustu á Sólheimum, fjölmenni var við athöfnina, sem var hin hátíðlegasta í alla staði.

Sr. Birgir Thomsen sem verið hefur sérþjónustuprestur Sólheima s.l. 10 ár, hafði tilkynnt að hann myndi láta af störfum sem prestur og rafeindavirki á Sólheimum um áramótin 2015/2016.

Meðhjálparar við kirkjuna voru: Eyþór Kr. Jóhannsson, Úlfhildur Stefánsdóttir og Svandís Sigurðardóttir, auk Erlu Thomsen sem verið hefur meðhjálpari s.l. 10 ár. Erla hefur einnig tekið virkan þátt í starfi kirkjuskólans. Ester Ólafsdóttir hefur verið organisti og forsöngvari við Sólheimakirkju nánast frá upphafi, öllum til mikillar gleði og gagns.

Er þeim öllum færðar miklar þakkir fyrir gott starf.

Sr. Birgir Thomsen



85 ára afmælisveisla og 10 ára vígsluafmæli Sólheimakirkju



Sunnudaginn 5. júlí voru 85 ár síðan Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir stofnaði Sólheima og 10 ár frá vígslu Sólheimakirkju. Í tilefni dagsins var efnt til afmælis hátíðar á Sólheimum þar sem margt var um manninn og mikið um dýrðir. Dagskráin var í alla staði mjög vel heppnuð og veðrið lék við viðstadda. Hátíðarguðsþjónusta var haldin í tilefni dagsins þar sem sr. Karl Sigurbjörnsson biskup predikaði og sr. Birgir Thomsen, prestur Sólheima þjónaði fyrir altari. Um einsöng sá Sigrún Hjálmtýsdóttir og organisti var Ester Ólafsdóttir. Endurbýggt mótuneyti Sólheima, sem nú þjónar hlutverki miðstöðvar félagsþjónustu og tilvonandi margmiðlunarvinnustofu, var formlega tekið í notkun á afmælisdaginn. Húsinu var gefið nafnið Ægisbúð í þakklætis- og virðingarskyni við félagi í Lionsklúbbnum Ægi sem höfðu forgöngu um byggingu hússins á sínum tíma. Auk þess var tekin fyrsta skóflustungan að viðbyggingu við kaffihúsið Grænu könnuna. Grillað var fyrir utan Grænu könnuna og gestum og gangandi boðið í grill. Sólheimar héldu síðan upp á 85 ára afmælið allt sumarið með ýmsum hætti og fjölbreyttum uppákomum.



30 ár frá Íslandsgöngu Reynis Péturs



30 ár eru liðin síðan Reynir Pétur gekk Íslandsgöngu sem breytti viðhorfi margra til fólks með fötlun.

Glæsileg sýning var sett upp í íþróttaleikhúsinu, sem var byggt fyrir það fé sem safnaðist á meðan á göngu Reynis Péturs stóð. Sýningin vakti mikla lukku og stendur til að endurtaka hana á Menningarveislu 2016. Það sem vakti einna mesta athygli var gríðarlega stórt Íslandskort á gólfi íþróttaleikhússins þar sem fólk gat prófað að ganga hringinn sem Reynir Pétur gekk.



Menningarstarf á Sólheimum

Sólheimaleikhúsið

Mikil og gömul hefð er fyrir starfsemi leikfélagsins á Sólheimum og á hverju ári eru settar upp metnaðarfullar sýningar þar sem fatlaðir og ófatlaðir, ungir sem aldnir koma saman og skemmta sér við leik og söng. Vorið 2015 var engin undantekning frá því og tóku margir íbúar Sólheima þátt í sýningunni á árinu. Í þetta sinn var sett upp leikritið Blíðfinnur sem byggt er á samnefndri sögu Þorvaldar Þorsteinssonar sem hefur notið mikilla vinsælda síðan hún kom út. Að þessu sinni fengum við til liðs við okkur mjög mörg börn úr sveitafélaginu og fullt var út úr dyrum á flestum sýningum. Leikstjóri var Þórný Jakobsdóttir og eru henni þökkuð frábær störf með leikhópnum.

Tónlistarstarf

Tónlistarstarfið á Sólheimum var með hefðbundnu sniði árið 2015. Lárus Sigurðsson tónlistarkennari og hljóðfærasmíður stýrði starfinu og notar hann mikið hljóðfæri sem hann hefur sjálfur smíðað í samræmi við kenningar Rudolf Steiner. Markmið tónlistarkennslunnar er að hver og einn einstaklingur fái að njóta sín á eigin forsendum í samræmi við kenningar Steiner þar sem mikil áhersla er lögð á listræna hæfileika, áhugasvið og skapgerð einstaklingsins. Að venju var tónleikastarfið blómlegt og var fjöldi tónleika í Sólheimakirkju þar sem var spilað og sungið af hjartans list.

Sólheimakórinn gaf út tvo geisladiska síðla árs 2015. Það var annars vegar *Sólheimakórinn: Syngur af Hjartans List*, dægurlög í bland við frumsamin lög tónlistarnemenda sem kom út í október. Hins vegar var það jóladiskurinn *Litla Jólabarn* þar sem Sólheimakórinn tók fyrir jólalög úr ýmsum áttum í sínum eigin útsetningum og gaf út snemma í desember.

Fjölheimar Selfossi

Um 30 manna hópur frá Sólheimum stundar nám hjá Fræðsluneti Suðurlands á hverri önn enda fjölmörg og fjölbreytt námskeið þar í boði sem miða að þörfum hvers og eins. Kennt er í Fjölheimum á Selfossi Dæmi um námskeið eru mál og tjáning, matreiðsla, tölvur, lestur og ritun, enska, tónlist, smíði og margt fleira. Á Sólheimum var kennt á tölvur og ipada og svo var skyndihjálparnámskeið sem var mjög vel sótt.





ART-is

ART-is verkefnið á Sólheimum fékk gæðaviðurkenningu Erasmus+. Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra og Margrét Sverrisdóttir afhentu viðurkenninguna sem Lárus Sigurðsson og Ólafur Benediktsson tóku á móti.

Í greinargerð Erasmus+ segir um verkefnið:

“Markmið verkefnisins ART-is var skýrt: Að stuðla að sjálfsþekkingu einstaklinga með sérþarfir og gera verk þeirra og líf sýnilegt í gegnum listirnar. Lárus Sigurðsson ábyrgðarmaður verkefnisins hjá Sólheimum í Grímsnesi segir tilgang þess hafa verið að vekja athygli á stöðu og virkni fatlaðra í samfélaginu og veita þeim tækifæri til listrænnar tjáningar í alþjóðlegu umhverfi. Þátttakendur frá átta löndum komu að verkefninu en þeir voru allir á vegum samtaka sem vinna með fólki með fatlanir eða sérþarfir.”



Jólamarkaður í Kringlunni

Ákveðið var að hafa jólamarkað í Kringlunni eftir nokkurt hlé. Starfsfólkið á vinnustofunum lagði hart að sér allt haustið og var farið með fulla bíla af góssi í bæinn. Það er skemmt frá því að segja að í lok helgarinnar var næstum allt uppselt og viljum við þakka kærlega fyrir góðar viðtökur.





Menningarveisla Sólheima



Heimsókn forsetahjónanna

Fimmtudaginn 18. júní heimsóttu forseti Íslands herra Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaieff Sólheima í tilefni af 85 ára afmæli Sólheima.

Forsetahjónin hittu íbúa Sólheima að máli, fengu fræðslu um sögu staðarins, skoðuðu sig um á vinnustofunum og gróður-settu tré við Sólheimakirkju. Heimsóknin var í alla staði vel heppnuð og öllum viðstöddum til mikillar gleði.

Menningarveisla Sólheima er árlegur viðburður sem stendur yfir megin hluta sumars og komu fjölmargir gestir í ár sem fyrri ár. Veislan var hátíðlegri en annars vegna ýmissa merkra tímamóta, eins og 85 ára afmælis Sólheima, sem fagnað var með ýmsum hætti auk þess að haldið var upp á það að 30 ár eru liðin frá Íslandsgöngu Reynis Péturs. Skátafélag Sólheima átti þar að auki 30 ára afmæli og litaðist sumarið mikið af þessum afmælishátíðum. Að venju voru listsýningar alla daga, tónleikar um helgar og skemmtilegar uppákomur eins og fyrirlestrar um aquaphonich og vistmenningu. Mikið fór fyrir umhverfisfræðslu og svo voru Hestadagar á Sólheimum, Dagur hinna viltu blóma, Jóga úti í náttúrunni, Lífræn ræktun, Sjálfbærni, Vistvænar byggingar, Tröllagarður, ormamolta, Tækifæri; að mæta hindrunum í lífinu og loka fyrirlesturinn var verklegur: Útileikir fyrir börn. Jógahópar og námskeið þeim tengd settu mikinn svip á starfið á Sólheimum. Menningarveislan endaði að venju á Lífræna deginum og á sama tíma var toppurinn á tónleikahaldinu þegar Ragnar Bjarnason og Þorgeir Ástvaldsson héldu sína árlegu stórtónleika.


Lyst á list

Glæsileg sýning á listmunum unnum af heimilisfólki var sett upp í Ingustofu, undir heitinu Lyst á list. Þar var margt góðra muna. Hluti munanna voru seldir á uppboði sem gekk mjög vel.





Í leik og starfi





Íþróttta- og félagstarf á Sólheimum



Allt íþróttastarf á Sólheimum er undir stjórn Íþróttafélagsins Gnýs. Ávallt er stefnt að því að hafa starfið sem fjölbreytilegast svo að sem flestir íbúar geti tekið þátt í því sem þeir hafa áhuga á og gaman af. Það var margt í gangi á árinu eins og leikfimi, tækjasalur, boccia, sund, göngur, hlaup, hjólað og dansað.

Boccia

Eftir langar og strangar bocciaæfingar á vorönn, tilkynnti þjálfarinn Emilía Jónsdóttir að hún þyrfti að segja sig lausa vegna anna. Því miður tókst ekki að fá nýjan Boccia þjálfara. Valgeir Fridolf Backmann félagsmálafulltrúi tók að sér æfinga syrpu fyrir einstaklingsmótið. Á það var farið til Reykjavíkur 9. og 10. október. Sex keppendur frá Sólheimum mættu á mótið og áttu yndislega daga með frábærum mótherjum. Margir komust í úrslit en enginn á verðlaunapall í þetta sinn.

Reiðnámskeið

Reiðnámskeið sló í gegn. Sólheimar eiga mjög gott samstarf við Vorsabæ II á Skeiðum hjá þeim Birni Jónssyni og Stefaníu Sigurðardóttur, en þau reka hestabúgarð með reiðhöll. Meike Witt og Elin Moqvist reiðkennarar leiðbeindu okkar fólk. Námskeiðin hófust 9. febrúar 2015. Farið var tvisvar í viku í fjóra tíma í hvert sinn. Námskeiðin stóðu yfir í 4-6 vikur bæði á vor og haustönnunum. Fullbókað var á öll námskeiðin og voru allir mjög ánægðir með samstarfið og fyrirkomulagið.

Sundlaug Sólheima

Sundlaugin var mikið notuð þetta sumar enda einstaklega vel til haldið. Við laugina hefur verið komið upp neyðarofa með hljóðnema og hátalara sem tengist beint við 112 svo hægt er að hlúa að og tala án þess að bera tæki. Öryggismál eru til fyrirmyndar. Sundlaugin er lokuð almenningi en íbúar og gestir eru velkomnir.

Námskeið

Árlegt skyndihjálparnámskeið var haldið í Sesseljúhúsi og var skyldumæting allra starfsmanna. Fræðslunet Suðurlands er með námskeið fyrir fólk með fötlun, sem er hluti af þeirra námi. Dans var ekki æfður sérstaklega þetta árið frekar en síðasta en við vorum að venju með Diskótek sem kom aldeilis hreyfingu á hópinn. Umsjón var í höndum eins íbúa sem er mikill kántrí aðdáandi. Þá var tekið upp föstudagsfár. Þá hittast allir sem vilja klukkan 16:00 í miðrymi Ingustofu og dansa síðasta klukkutíma vinnuvikunnar. Tækjasalur íþróttaleikhússins er mikið notaður og nýtt magataeki frá Vík verður fljótlega tekið í notkun. Badminton, körfubolti og fótballi var óskipulagt en erlendir sjálfbóðaliðar eru einstaklega duglegir að safna í lið, sérstaklega í útifótballi. Á haustdögum heimsóttu Stígmót starfsmenn Sólheima og héldu námskeið þar sem farið var yfir ýmsar birtingarmyndir ofbeldis gagnvart þeim sem geta illa varið sig. Allir starfsmenn Sólheima mættu á námskeiðin sem voru mjög fræðandi og upplýsandi.

Sólheimahlaupið og Íslandsmót í Svarta Pétri

Sólheimahlaupið fór fram laugardaginn 26. september og gátu einstaklingar og hópar valið sér vegalengd frá 9 km upp í 24 km. Hægt var að ganga, hlaupa eða hjóla. „Frískir Flóamenn“ veittu framfarabikarinn á sama tíma. Árni Alexandersson fékk bikarinn 2015. Í umsögn um verðlaunin segir: „Árni Alexandersson eða Legómeistari Íslands, eins og margir þekkja hann, er mikið á ferðinni. Hann fer Fjósahringinn meðan veður leyfir, sækir vinnu alla daga og er fastagestur kaffihússins og oftast sækir hann kirkju og tónleika þegar þeir eru í boði og færð í lagi. Árni hreyfir sig til að viðhalda góðri heilsu. Árni hreyfir sig meira en margir sem þó eru ekki að nota stól eins og hann þarf að gera. Það hefur ekki alltaf verið létt fyrir Árna að vera bundin við stólinn en Árni er æðrulaus, ljúfur og góður maður enda vilja allir vera vinir hans.“ Þess má geta að seinna um daginn vann Árni Svarta Pétursmótið og fékk glæsileg verðlaun frá Íslandsbanka ásamt því að varðveita styttuna Svarta Pétur í eitt ár og fá nafn sitt ritað á hana.





Skátafélag Sólheima

Skátastarfið hér á Sólheimum er að mörgu leyti hefðbundið og að öðru leyti óhefðbundið að því leyti að það er einungis einn flokkur í félaginu og er reynt að haga starfinu þannig að allir fái sem mest út úr því óháð aldri og getu hvers og eins. Skátastarfið snýst þar af leiðandi að mörgu leyti um að viðhalda barnshjartanu sem er stórt í íbúum Sólheima. Áhersla er lögð á tengingar við önnur skátafélög og mikið lagt upp úr að fá heimsóknir til okkar hingað á Sólheima og þar á var engin breyting þetta stóra ár.

Viðburðir á árinu 2015

30 ára afmæli Skátafélags Sólheima 1985-2015

Kvöldvökur og samverustundir voru þó nokkrar á árinu. Haldinn var sérstakur skátadagur á sama tíma og Lífræni dagurinn. Það komu magrir góðir gestir og þá skal helst nefna Gaua litla, Guðjón Sigmundsson og Gumma Páls, Guðmund Pálsson en þeir eru stofnendur Skátafélags Sólheima 1985. Það var skemmtileg dagskrá í Tröllagarði þegar þeir félagar sögðu frá fyrstu árum skátafélagsins og Skátahöfðingi Íslands Bragi Björnsson mætti einnig í öllu sínu veldi, mikill heiður.

Skakki Skóli var vígður sem Skátaheimili Sólheima. Af hlóðum Tröllagarðsins logaði varðeldur og boðið uppá lífræna grænmetissúpu, það rigndi akkúrat þann tíma sem hátíðin var úti, allir blautir svona eins og þetta á að vera, en svo skein sólin á Sólheimum og þurrkaði fötin. Fossbúar, Strókur og Ægisbúar komu með gjafir sem fá veglegan sess á völdum stöðum í Skátaheimilinu þegar innréttingu lýkur. Sólheima skátar eru einstaklega heppnir að eiga góða nágbranna, skátafélög eins og Fossbúa Selfossi, Strók Hveragerði og svo Ægisbúa frá Reykjavík.

31. október 2015 var haldið upp á afmælisdag Skátafélags Sólheima, stofnað 30. október 1985. Aftur komu góðir vinir á kvöldvöku í Sesseljuhúsi, örugglega fjórðungur skátakórsins og helmingur Dos Sardinias ásamt fleirum. Arinstofan var skreytt með gömlum myndum frá 30 ára sögu Skátafélagsins, en þær myndir voru hluti af útisýningu sumarsins og menningarveislunnar Saga Skátafélagsins í myndum. Farið var á foringjanámskeið í febrúar og í til heiðurs Baden Powel var skátamessa í Sólheimakirkju 15. febrúar og komu Gummi Páls og Skátakórinn til okkar og héldu uppi stuði í kirkjunni. Fjölmennt var á Skátapiþing sem haldið var 22. mars þar sem félagsforingi Skátafélags Sólheima var sæmdur Þórshamri úr bronsi sem er mikill heiður. Einnig var farið á stóra kvöldvöku hjá Fossbúum Selfossi sem haldin var í Sunnulækjaskóla. Mikið var gaman, takk fyrir að bjóða okkur. Margir erlendir skátar komu til okkar á árinu og dvöldu í styttri tíma, sumir á leið sinni um landið en ákváðu að leggja á sig krók og heimsækja okkur. Aðrar heimsóknir eru vel skipulagðar eins og hóparnir frá Julia Jones og tveir til þrjár hópar stúlkna 8-18 ára Girl Guiding Surrey West sem er skemmtileg viðbót. Sama má segja um frönsku skátanna sem koma á hverju ári og staldra við yfirleitt við í heila viku fyrir landsmót. Skátinn, hann Lyndsy sem kom í fyrra er nú komin í sjálfbodaðliðastarf til okkar. Erlendir skátar taka þátt í samfélaginu og halda skátafundi fyrir og með okkur á sinn hátt. Skátar í Skátafélagi Sólheima eru þó ekki neitt sérstaklega góðir í frönskum skátalögum eða frönsku yfirleitt.

Skyndihjálparnámskeiðið var í maí: Skáti er fyrsta hjálpar.

Skátafélag Sólheima er afar mikilvægt félagsstarf fyrir íbúa staðarins. Ægisbúar ákváðu á stjórnarfundum að koma á hverju ári til Sólheima til að styðja við sitt eigið skátastarf sem og Skátafélag Sólheima, vonum að þau komi á þessu ári 2016. Listaverkadagur og leiðföngverkefnið færðust áfram yfir á næsta ár.

Að lokum

Skátafélag Sólheima vill þakka öllum þeim fjölda skáta sem hefur komið í heimsókn og þann hlýhug sem við sannarlega finnum í skátastarfinu um allt land. Sólheimaskátar eru stolt félags sem er ákveðið í að varðveita sannan skátaanda í hjörtum okkar.





Gardar Sólheima

Tröllagardur

Nokkur ár eru liðin síðan Tröllagardurinn var formlega opnaður. Gardurinn er vistmenningargardur (e. Permaculture) sem passar mjög vel inn í hugmyndafræði og starf Sólheima. Sesselja Hreindís var frumkvöðull í lífelfdrí og lífrænni ræktun á Norðurlöndum og er gardurinn eitt helsta stolt íbúa Sólheima

Gardurinn er öllum opinn og notaður sem heilunar- og matjurtagardur fyrir íbúa Sólheima. Í gardinum eru ræktaðar ýmsar jurtir og grænmeti sem íbúar eru hvattir til að nýta sér. Gardyrkja er heilandi og nærandi iðja og eru allir íbúar hvattir til að leggja hönd á plóg til að hugsa um gardinn. Yfir smartímenn sækir kaffihúsið Græna Kannan salat og kryddjurtir í gardinn fyrir gesti sína.

Blóm, stígar, upphækkuð beð, bekkir, eldstæði, ljóð, listaverk, álfar og fleira er að finna í Tröllagardinum til að gera dvölinna þar ánægjulega.

Tröllagardurinn blómstrar nú sem aldrei fyrr og á stóran þátt í þeirri fallegu ásýnd sem Sólheimar hafa. Umsjón með gardinum hafa starfsmenn gardyrkjastöðvarinnar Sunnu og Sesseljuhúss, auk gardálfsins Valgeirs Fridólfs Backman sem er upphafsmaður og sér um hönnun og skipulag.

Skakki Skóli

Skakki Skóli á langa og skemmtilega sögu á Sólheimum. Fyrst var hann sumarbústaður Gunnars Áseirssonar, stórkaupmanns og sérstaks vinar Sólheima. Í gegnum árin hefur kofinn flakkað víða um svæðið og gegnt mörgum hlutverkum, allt frá því að standa ónotaður í óreiðu yfir í að vera heimili hinnar sænsku Elísabetar og dóttur hennar eitt ár á áttunda áratuginum. Húsið er núna komið með framtíðar hlutverk og stendur glæsilega við innganginn að Tröllagardinum og gefur þar gott skjól.

Skakki Skóli var formlega vígður sem skátaheimili skátafélags Sólheima 15. ágúst 2015. Húsið hefur verið gert upp að utan og er aðgengi að húsinu orðið stór gott. Enn er mikil vinna eftir innandyra og verður vonandi hægt að halda nota félagsheimilið strax næsta vetur. Vígsla skátaheimilisins fór fram á Skátadeginum.

Höggmyndagardur

Gardurinn var formlega opnaður á 70 ára afmæli Sólheima. Í gardinum eru 14 afsteypur listaverka eftir frumkvöðla íslenskrar höggmyndalistar frá aldamótum 1900 til 1970. Stefnt er á að í gardinum verði að finna í eitt verk eftir alla helstu íslensku höggmyndalistamenn á síðustu öld.



Ljóðagardur

Nú þegar eru í gardinum fjögur ljóðaskilti með ljóðum eftir Matthías Johannessen, Þórarinn Eldjárn, Þorsteinn frá Hamri og Vilborgu Dagbjartsdóttur.

Trjágardur - trjásafn

Trjásafn Sólheima var formlega opnað 5 júlí árið 2005 á 75 ára afmæli Sólheima. Í gardinum eru um 58 tegundir trjáplatna sem nú eru orðnar 10 ára og gaman að sjá hvernig þær hafa dafnað á þessum árum. Gardurinn er ofan við skógræktarstöðina.

Orkugardur

Undanfarin ár hefur verið unnið við að setja upp Orkugarð til að sýna möguleika í sjálfbærri orkuöflun og er miðstöð gardins í Sesseljuhúsi. Helstu kennileiti gardins eru:

1. Sólarorka – Sólarcellur eru á þaki Sesseljuhúss.
2. Vindorka – Vindmylla er fyrir ofan við Sesseljuhús.
3. Jarðvarmi – Sólheimar hafa sína eigin hitaveitu.
4. Vatnsorka – Virkjunarhjól er við hitaveitu.
5. Líforka – Á Sólheimum er líforka bundin í fallegum skógi en á staðnum er einnig að finna jarðgerðarvél.

Gardur lífsins

Í gardinum er ráðgert að gróðursetja eitt tré fyrir hvert barn sem fæðist með lögheimili að Sólheimum. Í deiliskipulagi Sólheima er gert ráð fyrir þessum trjágardi á milli Bergmálshús og Sólheimakirkju.

Kirkjugardur

Kirkjugardurinn var vígður 2012 og stendur austan megin við Sólheimakirkju. Sá sérstæði atburður átti sér stað 12. september 2014, að jarðneskar leifar þeirra Sesselju Hreindísar Sigmundsdóttur, Elvars Björns Sigmundssonar og Huldu Hermanns, voru fluttar úr Fossvogskirkjugardi í kirkjugarð Sólheimakirkju. Á seinasta ári var bætt við einu leiði, en þar var duftker með jarðneskum leifum góðs Sólheima vinar jarðsett.

Gardar Sólheima setja sterkan svip á samfélagið, fegra staðinn og auka lífsgæði íbúa og þeirra sem staðinn heimsækja. Gardarnir eru til fræðslu fyrir íbúa og gesti Sólheima og um leið að kynna það einstaka samfélag sem Sólheimar eru.





Erlent samstarf

Þorpið Ikhaya Loxolo eða Heimili friðarins er staðsett í Suður Afríku og þjónar einstaklingum með sérþarfir. Styrktar-sjóður Sólheima og íbúar Sólheima styðja við heimilið sem er það fyrsta fyrir einstaklinga með þroskahömlun í Elliotdale sem er eitt fátækasta svæði Suður Afríku. Þýsk hjón, Alexandra og Michael Guenther, fyrrum starfsmenn Camphill samfélags í Suður- Afríku, stofnuðu samfélagið og byggðarhverfið sem mótsvar við þeirri fátækt sem ríkir á svæðinu. Heimilið tók formlega til starfa í janúar 2008 þegar fyrstu fimm einstaklingarnir fluttu þangað en dvalarkostnaður þeirra fyrsta árið var greiddur með framlagi íbúa Sólheima.

Um allan heim eru samfélög sem rekin eru með svipuðum hætti og Sólheimar. Þeirra á meðal eru samfélagið Solákra í Järna í Svíþjóð og Camphill hreyfingin í Bretlandi en þau voru stofnuð stuttu eftir að Sólheimar voru stofnaðir 1930. Gott samstarf hefur verið við þessi samfélög og hefur myndast góður vinskapur á milli íbúa þeirra. Sólheimar fengu heimsókn frá hópi íbúa Camphill hreyfingarinnar en þau dvöldu í samfélaginu við leik og störf í nokkra daga í september sl.

CELL (Center for Ecological Living and Learning) eru samtök sem sent hafa nemendur sína til Sólheima frá árinu 2006. Nemarnir koma til Sólheima að læra um „sustainability through community“ og fræðast um hvernig sjálfbærni og og samfélag þrífast í sátt við umhverfið. Árið 2015 komu 3 hópar nema, tveir hópanna dvöldu á Sólheimum í 3 mánuði og var dvöl þeirra hér hluti af háskólanámi, svo kallað „study abroad program“, en einn hópurinn dvaldi í 3 vikur í maí í styttri námsferð. Með í för er kennari sem sinnir kennslu á sviði sjálfbærni en starfsmenn Sesseljuhúss halda utan um dagskrá nemanna, skipuleggja ferðir þeirra og heimsóknir og sinna kennslu í íslenskri tungu og menningu. Meðan á dvöl nemana stendur fá þau innsýn inn í íslenskt samfélag og læra eitt og annað sem venjulegir ferðamenn upplifa ekki. Sem dæmi fengu nemarnir kennslu í íslenskri glímu, borðuðu flatbrauð með hangikjöti, fengu kennslu í íslensku og enduðu dvöl sína á að semja stutt leikrit sem þau fluttu á íslensku.





Styrktarsjóður Sólheima

Styrktarsjóður Sólheima var stofnaður árið 1986 og starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Á árinu var gerð breyting á skipulagsskrá sjóðsins og fellur starfsemi hans hér eftir undir lög um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri. Hlutverk sjóðsins er að annast rekstur húsnæðis að Sólheimum, sem er allt húsnæði annað en tvö hús sem eru í einkaeign.

Stærsta verkefni seinasta árs var óumdeilanlega endurbygging gamla mötuneytisins og var nýja húsið nefnt Ægisbúð í virðingarskyni við félagi í Lionsklúbbum Ægi sem hefur verið sterkur bakhjarl Sólheima um áratuga skeið og stóðu þeim meðal annars fyrir byggingu mötuneytishússins á sínum tíma. Í húsinu eru nú skrifstofur þjónustumiðstöðvarinnar sem sinnir allri þjónustu sem snýr beint að heimilisfólki. Allur kostnaður við endurbyggingu Ægisbúðar var greiddur af bakhjörllum Sólheima. Innréttingar nýrrar vinnustofu og félagsaðstöðu verða greiddar með söfnunarfé frá einstaklingum og fyrirtækjum. Félagar í Lionsklúbbinum Ægi hafa samþykkt að gefa lyftu sem gerir öllum íbúum kleift að komast á auðveldan hátt niður á neðri hæðina. Á 85 ára afmæli Sólheima þann 5. júlí, var tekin fyrsta skóflustungan að 320m² stækkun kaffihússins Grænu könnunnar og á haustdögum var grunnurinn tekinn. Bakhjarlar Sólheima hafa lofað verulegu fjárframlagi til framkvæmda. Áætluð verklok eru á næsta ári. Einnig hófust framkvæmdir við byggingu nýs íbúðarhúss sem áætlað er að verði fullbúið seinni part árs 2016. Að lokum hófust framkvæmdir við að breyta sambýli í íbúðir og verður þeim breytingum lokið seinnihluta ársins 2016.

Á árinu var um þrjátíu milljónum króna varið til viðhalds og reksturs húsnæðis eða tæplega tíu milljónum króna hærrí upphæð en árið áður. Reynt er að sinna meiriháttar viðhaldi á 2-3 íbúðum árlega.

Styrktarsjóðurinn stóð fyrir tveimur fjárflosum á árinu og var andvirði söfnunarfjár ráðstafað til framkvæmda við félagsaðstöðu og vinnustofu á jarðhæð Ægisbúðar

Rekstur sjóðsins var í samræmi við áætlanir en þetta er í fyrsta sinn sem heildartekjur sjóðsins fara yfir eitthundrað milljónir króna

Unnur Rán Halldórsdóttir bókhaldsstofunni Stemma annast innheimtu, bókhald og greiðslu reikninga, Þorvaldur Kjartansson eftirlit með framkvæmdum. Einar Páll Bjarnason sér um gerð húsaleigusamninga, Guðmundur Ármann Pétursson gerir tillögur til sjóðsstjórnar um ráðstöfun íbúðarhúsnæðis, en Pétur Sveinbjarnarson stjórnarformaður hefur umsjón með daglegum rekstri sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins er:

Að veita styrki eða lán til verklegra framkvæmda á Sólheimum

Að veita styrki eða lán til kaupa á verkfærum og áhöldum

Að veita styrki eða lán til námsdvala á sviði er tengist starfi Sólheima

Að styrkja ferðalög, sumardvalir og annað frístundastarf íbúa Sólheima

Sjóðnum er heimilt að kaupa eða byggja og reka félagslegar íbúðir, orlofsíbúðir eða annars konar húsnæði. Sjóðnum er heimilt að eiga aðild að atvinnurekstri. Sjóðurinn annast útleigu og rekstur á íbúðarhúsnæði að Sólheimum.

Íbúðarhúsnæði í útleigu

32 íbúðir.

1 sambýli.

9 íbúðaeiningar fyrir heldri borgara.

4 íbúðir í tveimur raðhúsum.

12 einbýlishús.

Atvinnuhúsnæði í útleigu

Ólasmíðja, verkstæði og vinnustofur.

Ingustofa, verkstæði og vinnustofur.

Sesseljúhús, umhverfissetur.

Tómasarsmíðja, verkstæði, slökkvistöð og áhaldahús.

Í kjölfar samnings við jöfnunarsjóð sveitarfélaga og samnings Sólheima ses við sveitarfélög á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða, hafa verkefni styrktarsjóðsins stórukist. Í framhaldi bíður það verkefni stjórnar sjóðsins að yfirfara ítarlega verklagsreglur og framtíðar uppbyggingu og rekstur sjóðsins.

Sjóðir - styrkir

Í samræmi við hlutverk og tilgang sjóðsins eru í umsjón hans fjórir sjóðir (reikningar):

Orlofs- og starfsmenntasjóður

Starfsmenntasjóður var stofnaður árið 2002, er 100 ár voru liðin frá fæðingu Sesselju Hreindísar Sigmundsdóttur og hefur sjóðurinn úthlutað styrkjum til ýmissa verkefna á árinu. Framlög í sjóðinn hafa komið frá Styrktarsjóðnum og Sólheimum ses.

Orlofs- og starfsmenntasjóður hafa verið sameinaðir í einn sjóð.

Menningasjóður

Í Menningarsjóð er lagt árlegt framlag fyrirtækja Sólheima, Sólheima ses og Styrktarsjóðsins.

Sjóðurinn hefur fyrst og fremst annast kaup á listaverkum og styrkt menningaviðburði. Árlegum tekjum er yfirleitt ráðstafað jafnöðum.

Aðal viðfangsefnið er kostun listaverksins "Sólgátt" eftir Rúrí. Verkfræðistofan Verkís annast vinnu við útfærslu listaverksins.

Atvinnuþróunarsjóður

Sjóðurinn var stofnaður árið 2004. Í sjóðinn renna 1/3 hluti sölutekna af vörum verkstæða Sólheima ses og síðar hluti hagnaðar af rekstri fyrirtækja Sólheima ses. Vegna erfiðar fjárhagsstöðu Sólheima runnu engar sölutekjur til sjóðsins.

Péturssjóður

Sjóðurinn var stofnaður með gjafafé 23. ágúst 2005. Á því ári stóð sjóðurinn fyrir kaupum á kirkjuklukkum og orgeli fyrir Sólheimakirkju.




Tölulegar upplýsingar

Tölulegar upplýsingar, miðað við desemberlok 2015

	Ár	Fjöldi
Meðalaldur heimilisfólks: konur 20, karlar 23	54,4	43
Á launaskrá í desember		94
Meðalaldur íbúa byggðahverfisins í heild	40	
Fjöldi íbúa með lögheimili á Sólheimum		111
Fjöldi íbúa með lögheimili í Grímsnes-og Grafningshreppi		431
Fjöldi íbúa með búsetu á Sólheimum		107
Fjöldi barna 0 til 5 ára og meðalaldur þeirra	3	11
Fjöldi barna 6 til 16 ára og meðalaldur þeirra	11,7	4
Meðalaldur barna	7,4	15
Fjöldi heimila að Sólheimum		52
Fjöldi erlendra sjálfbóðaliða sem dveljast í 6 til 12 mánuði		20
Fjöldi erlendra sjálfbóðaliða sem dvelja skemur en 6 mánuði		5

Í töflunni er stuðst við upplýsingar frá Hagstofu Íslands.



Yfirlit fasteigna

Íbúðarhúsnæði Sambýli, sérbýli auk íbúða starfsmanna sem byggð hafa verið á tímabilinu 1932 til ársins 2007	samtdals	4.504 m ²
Þjónustuhúsnæði Sólheimahús, Vigdísarhús, sundlaug, íþróttaleikhús, Græna kannan, Sólheimakirkja og Tómasarsmiðja	samtdals	3.752 m ²
Atvinnuhúsnæði Gistiheimilið Brekkukot, Ólasmiðja, Ingustofa, Sesseljuhús, Garðyrkjustöðin Sunna, Skógræktarstöðin Ölur og Verslunin Vala	samtdals	5.994. m ²
Annað húsnæði Skakkiskóli, Safnhaugahús, Hitaveituhús, Upphæðir 3, Upphæðir 15 og Bergmálshúsið	samtdals	938 m ²
Húsnæði á Sólheimum alls		15.188m²

Samstarfsaðilar Sólheima

Velferðarráðuneytið

Umhverfissráðuneytið

Hitaveita Suðurnesja

Árborg

Fjölmennt

Bergmál
líknar- og vinafélag

Vinnumálastofnun

Camphill hreyfingin

Solákra í Järna í Svíþjóð

Marli í Lübeck í Þýskalandi

GEN - alþjóðasamtök
sjálfbærra byggðarhverfa

EVS – Evrópa unga fólksins

SEEDS
sjálfbóðaliðasamtökin

Landsvirkjun

Landsbankinn

CELL - Center for
Ecological Living and
Learning

Grímsnes- og
Grafningshreppur